

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 1994-2014, íbúðar- og frístundabyggð í landi Veigastaða, Hallandsness, Sólbergs og Geldingsár.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 5. apríl 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 1994-2014, frá 27. ágúst 1995.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Íbúðarsvæðið Vaðlabbyggð í landi Veigastaða stækkar til norðurs og verður 10,7 ha í stað 8,4 ha. Gert er ráð fyrir allt að 15 íbúðarhúsum á svæðinu.
- Í landi Veigastaða, neðan Veigastaðavegar er gert ráð fyrir nýju 5,5 ha íbúðarsvæði fyrir allt að 10 íbúðir.
- Frístundabyggðarsvæði í landi Veigastaða stækkar um 22,9 ha til austurs og suðurs.
- Stofnanasvæði norðan Veigastaða breytist í svæði fyrir frístundabyggð til samræmis við núverandi notkun.
- Íbúðarsvæði í landi Sólbergs stækkar um 2,8 ha til norðurs þar sem gert er ráð fyrir 9 íbúðarlóðum. Í heild verða allt að 15 íbúðarlóðir í landi Sólbergs.
- Svæði fyrir frístundabyggð í landi Geldingsár, Heiðabyggð, stækkar úr 21 ha í 29,2 ha.
- Svæði fyrir frístundabyggð í Hallandsnesi breytist í íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 5. apríl 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.